

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um sóttvarnaráð.

Frá Jóhanni Páli Jóhannssyni.

1. Hve oft fundaði sóttvarnaráð á tímabilinu 1. janúar 2020 til 25. janúar 2022?
2. Hefur sóttvarnaráð mótað stefnu í sóttvörnum vegna COVID-19-sjúkdómsins, sbr. 3. mgr. 6. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997?
3. Hvernig var samráði háttað við sóttvarnaráð þegar teknar voru ákvarðanir um sóttvarnartakmarkanir á tímabilinu 1. janúar 2020 til 25. janúar 2022?

Skriflegt svar óskast.